




Mánaðarskýrsla Kópavogsbæjar. Útgefin í ágúst 2014.
Nær til starfsemi í júlí 2014.



Fjármál

	Bókað	Áætlun	Mismunur	%
Tekjur	16.373.255.622	16.561.772.703	-188.517.081	99
Gjöld án fjármagnsliða	14.161.305.227	14.131.415.809	29.889.418	100
	Bókað	Áætlun		
Grunnskólar	3.071.275.260	3.021.152.676	50.122.584	102
Leikskólar	1.895.968.001	1.894.010.314	1.957.687	100
Félagsþjónustan	1.042.403.204	1.011.077.558	31.325.646	103
Menningarmál	250.404.621	232.050.862	18.353.759	108
Æskulýðs- og íþróttamál	1.317.863.943	1.296.416.338	21.447.605	102
Sameiginlegur kostnaður	562.398.421	538.577.863	23.820.558	104

Rekstur helstu málaflokka






Fréttir

Grasspretta var óvenju mikil í sumar. Rigningartíð gerði grassláttur hins vegar erfiðari en ella og sláttumenn bæjarins komust því hægar yfir en oft áður. Hátt í 50 sumarstarfsmenn Þjónustumiðstöðvar Kópavogsbæjar sáu um grasslátt í sumar auk þess sem stór svæði voru slegin af verktökum samkvæmt útboði.







Grunnskólanemendur í Kópavogi stóðu sig afar vel í PISA2012. Fram kom í niðurstöðum að meðaltal í Kópavogi er talsvert yfir landsmeðaltali. Nemendur í Kópavogi stóðu sig bæði vel í samanburði við sambærileg sveitarfélög á Íslandi og á Norðurlöndunum. Þá fékk skólabragur, eða viðhorf nemenda í Kópavogi til skólaumhverfis, mjög góða einkunn.

Á lokahátíð Skapandi sumarstarfa í Kópavogsbæ 23. júlí voru verkefni sumarsins kynnt. Meðal þess sem bryddað var upp á sumarið 2014 var stuttmyndahátíð, hljóðinnsetningar og tónleikar. 25 listamenn störfuðu í Skapandi sumarstörfum, í 13 hópum.







Ársskýrsla velferðarsviðs fyrir árið 2013 kom út í júlílok. Í henni kom meðal annars fram að húsnæðismál væru einn umfangsmesti málaflokkur velferðarsviðs og að húsnæðisvandi fólks endurspegladist meðal annars í því að fólk ílengdist í húsnæði bæjarins. Greint var frá því að 674 fjölskyldur hefðu fengið fjárhagsaðstoð frá Kópavogsbæ árið 2013 og að Atvinnuver hefði verið sett á laggirnar til þess að virkja fólk í atvinnuleit.









* miðað er við sveitarfélag lögheimilis við skráningu (áður sveitarfélag dvalarstaðar) frá og með nóvember 2013








Ýmsar mælingar





Starfsmannamál



Heildarlaun starfsmanna Kópavogsbæjar eru í milljónum króna. ML04 stendur fyrir útborguð mánaðarlaun 1. apríl. Tölur eru með launatengdum gjöldum.